

AUGLÝSING

um innflutning á blönduðu kjarnfóðri frá Evrópulöndum.

1. gr.

Peir, sem flytja inn til landsins blandað kjarnfóður frá Evrópulöndum, skulu sjá til þess, að hverri sendingu eða hverjum farmi af blönduðu kjarnfóðri fylgi heilbrigðisvottorð frá viðurkenndum heilbrigðisyfirvöldum í því landi, sem varan er keypt frá, þar sem skýrt kæmi fram, að í mjölinu eða fóðrinu myndust ekki salmonellasýklar, miltisbrunasýklar eða aðrir sýklar, er gætu valdið sjúkdómum í búpeningi.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins blandað kjarnfóður frá Evrópulöndum eða skipa því á land hér, nema fyrir liggi þau vottorð, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum á þessari auglýsingu skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, sbr. lög nr. 16/1952, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1967.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 17.

2. febrúar 1967.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

Bífreiðastöður eru bannaðar:

Við Rauðarárstíg að vestanverðu á milli Grettisgötu og Laugavegs.

Við Ægissíðu að norðanverðu á milli Starhaga og Hofsvallagötu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. febrúar 1967.

Sigurjón Sigurðsson.